



Háskólinn
á Akureyri
University
of Akureyri



JAFNRÉTTISSJÓÐUR
ÍSLANDS



Jafnréttisstofa

Kynningarbréf rannsóknarinnar „Að leita sér hjálpar og eflast í kjölfar ofbeldis í nánu sambandi“

Rannsakendur

Hulda Sædís Bryngeirs dóttir, hjúkrunarfræðingur MSc, doktorsnemi HA, hulda@unak.is

Karen Birna Þorvaldsdóttir, BA í sálfræði, MSc, doktorsnemi HA, karenbirna@unak.is

Ábyrgðarmenn

Dr. Sigríður Halldórsdóttir, prófessor við heilbrigðisvísindasvið Háskólans á Akureyri.

Dr. Denise Saint Arnault, prófessor, University of Michigan

Um er að ræða rannsókn sem er samvinnuverkefni fræðikvenna við Háskólann á Akureyri, University of Michigan og University of Alaska, Anchorage í samvinnu við Jafnréttisstofu. Rannsóknin er styrkt af Jafnréttissjóði Íslands og er hluti af alþjóðlegri rannsókn í ellefu löndum.

Við erum að rannsaka reynslu kvenna af því að leita sér hjálpar og hvort og þá hvernig þær ná að eflast eftir að hafa verið beittar ofbeldi í nánu sambandi. Við væntum þess að upplýsingarnar sem við söfnum geti reynst hjálplegar við að greina áhrifaríkar leiðir til að hjálpa konum að leita sér hjálpar, vinna úr reynslu sinni og eflast í kjölfar ofbeldis í nánu sambandi.

Skilyrði fyrir þátttöku er að vera kona, 18 ára eða eldri, hafa orðið fyrir ofbeldi í nánu sambandi og a.m.k. eitt ár verður að hafa liðið frá því að ofbeldissambandinu lauk.

Ef þú uppfyllir skilyrðin og samþykkir þátttöku í rannsókninni byrjar þú á að svara um 30 mínútna könnun. Þegar um 130 konur hafa svarað könnuninni verður henni lokað. Eftir að hafa svarað könnuninni hefur þú val um að taka þátt í viðtali. Athugaðu að um er að ræða tvær tegundir af viðtölum og getur þú valið annað hvort. Viðtölin eru tekin upp og munu fara fram á öruggum stað á tíma sem hentar þér. Viðtöl verða tekin við 12-25 konur sem óska eftir því. Spurningarnar sem þú svarar varða tilfinningar þínar sem getur verið eflandi en einnig reynt á. Þátttaka þín í viðtolunum er því algjörlega valfráls. Þú getur valið að svara ekki einhverjum spurningum eða hætta þátttöku í rannsókninni hvenær sem er.

Þú getur tekið þátt í rannsókninni á ýmsa vegu:

1. Svarað um 30 mín könnun án þess að fara í viðtal
2. Svarað könnuninni, farið í viðtal um líðan og lífsreynslu (um 90 mín) og svarað svo könnuninni aftur 3 mánuðum síðar
3. Svarað könnuninni og farið í viðtal (um 45-60 mín) um reynslu af eflingu eftir ofbeldi í nánu sambandi ef þú telur eftirfarandi eiga við þig:

- *Jákvæð sálfræðileg breyting hjá einstaklingi eftir mikla erfiðleika og áföll; aukinn persónulegur styrkur; aukin ánægja í samböndum; jákvæð breyting á lífssýn; kemur auga á nýja möguleika; jákvæð andleg breyting.*
- *Lífsreynslan, þrátt fyrir að vera neikvæð í sjálfu sér, hefur þegar upp er staðið haft ákveðinn tilgang fyrir mig sem mannesku.*

Ef spurningalistarnir eða viðtalið hreyfa við þér með þeim hætti að þú viljir ræða enn frekar um reynslu þína býðst þér að ræða við dr. Elínu Díonnu Gunnarsdóttur, sálfraeðing og dósent HA (edg@unak.is) á Akureyri eða Sigríði Hrönn Bjarnadóttur (sigridur.hronn.bjarnadottir@heilsugaeslan.is) geðhjúkrunarfræðing, á höfuðborgarsvæðinu.

Öll rannsóknargögn verða varðveitt sem trúnaðarmál og þítt rétta nafn verður aldrei notað. Upplýsingarnar verða eingöngu geymdar undir númeri, ekki nafni eða kennitölu. Rannsóknargögnin verða geymd í læstum skáp í Háskólanum á Akureyri og aðeins aðgengileg rannsakendum. Tölver rannsakenda eru læstar með sérstöku lykilorði til að vernda rannsóknargögnin. Persónugreinanleg gögn munu aldrei birtast þegar fjallað verður um niðurstöður rannsóknarinnar. Að rannsókn lokinni verður öllum rannsóknargögnum eytt. Þátttakendur í viðtölunum undirrita samþykkisýfirlýsingu sem geymd verður í læstri hirslu hjá ábyrgðarmanni rannsóknarinnar. Vinsamlega vertu viss um að hafa fengið svör við þeim spurningum sem þú hefur um rannsóknina og að þú skiljir í hverju þátttaka þín felst. Ef þú hefur einhverjar áhyggjur eða spurningar um rannsóknina, sem varða framkvæmd hennar eða í hverju þátttaka þín felst, vinsamlegast hafðu samband við rannsakendur: Hulda Sædís Bryngeirs dóttur, hulda@unak.is eða Karen Birna Þorvaldsdóttur, karenbirna@unak.is. Þú getur einnig haft beint samband við ábyrgðarmann rannsóknarinnar á Íslandi, dr. Sigríði Halldórsdóttur, sigridur@unak.is.

Rannsóknarniðurstöðurnar fáera okkur mjög mikilvægar upplýsingar sem gætu í framtíðinni auðveldað konum að leita sér hjálpar, vinna úr reynslu sinni og ná að eflast í kjölfar ofbeldis í nánu sambandi.

Þátttaka þín í rannsókninni er því mjög mikils virði fyrir konur sem lenda í ofbeldi í nánum samböndum, fjölskyldur þeirra og fyrir samfélagið allt.

Virðingarfyllst,



Hulda Sædís Bryngeirs dóttir
Rannsakandi



Karen Birna Þorvaldsdóttir
Rannsakandi



Sigríður Halldórsdóttir
Ábyrgðarmaður rannsóknar á Íslandi

Rannsóknin er samþykkt af Vísindasiðanefnd (VSN-19-166). Ef þú hefur spurningar um réttindi þín sem þátttakanda, vilt ræða við einhvern annan en rannsakendur til að fá upplýsingar eða hefur spurningar varðandi þátttöku í vísendarannsókn biðjum við þig að hafa samband við Vísindasiðanefnd. Sími: 551-7100; tölvupóstur vsn@vsn.is
